



BORGARFJARÐABRAUT

Bríet Ósk, Eydís, Hallþór Jökull, Íris Anna og Þórdís

(Mats Vibe Lund, e.d. d)

© Mats Vibe Lund

Efnisyfirlit

Blaðsíðutal

1. Inngangur	3
2. Jarðfræði og landmótun	4-12
3. Saga og menning	13
4. Menning á svæðinu	17
5. Landnotkun og búseta	23
6. Gróðurfar og dýralíf	33-50
7. Fagurfræði og einkenni/karakter	51
8. Dagsleiðir	58

KAFLI 2


INNGANGUR

Tillaga að gönguleið frá botni Hvalfjarðar í Húsafell. 5 daga gönguleið þar sem að gist er á gististöðum á leiðinni.

Landslagsgreining á svæðinu þar sem að skoðuð er heildin en einnig er horft á minni svæði. Skoðuð eru einkennissvæði og allskyns þættir sem hafa áhrif á tillöguna.

KAFLI 2

JARÐFRÆÐI OG LANDMÓTUN




Eldra grágrýti



Blágrýti



Yngra grágrýti



Berggrunnur svæðis

Eldra grágrýti:

- Basískt og ísúr gosberg og setlög .
- 0,8-3,3 milljón ára.
- Loftslag kólnaði (jökla mynduðust) áhrif jökla á landslagið breytti jarðmyndun og lögun þess.
- Móberg er einkennandi fyrir þetta tímabil. (gosberg myndað undir jökli)
- Rauð millilög bergsins hverfa, jökulbergslög og jökulvatnaset koma í staðin.
- Landslag verður smám saman stórbrotnara og djúpir dalir myndast.

Blágrýti:


- Basískt og ísúr gosberg og setlög .
- Eldra en 3,3 milljón ára.
- Loftslag var hlýrra
- Einkennist af blásvörtu basalhraunlagi með rauðum millilögum.
- Stakar megineldstöðvar risu upp yfir hraunbreiður en jaðrar landsins mótuðust af vatnsrofi.
- Rauðu millilögin eru jarðvegur af uppruna.
- Jökla ísaldar hafa síðar rofið djúpa dali og firði í þessi jarðlög.

Grágrýti:

- Basískt og ísúr hraunlög og setlög.
- Yngra en 0,8 milljón ára.
- Hlýskeyði ísaldar
- Hraun sem rann á þessum tíma kallast grágrýtishraun.
- Grágrýtishraun einkennast af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum.
- Dyngjuhraun myndaðist
- Dyngjur eru sérstök gerð af eldstöðvum sem í fyrstu atrennu eru skilgreindar með útliti sínu. (hringlaga skildir með gíg á toppi.)

Bergrunnur svæðis og gönguleið

- Síldamannagötur og Fitjar - eldra grágrýti
- Skorradalur og Lundarháls - blágrýti
- Brennistaðir - yngra grágrýti og blágrýti
- Reykholt og Háls - blágrýti
- Húsafell - eldra grágrýti



Ísaldarminjar

Ísaldarminjar eru jarðfræðileg fyrirbæri og minjar sem urðu til á ísöld. Ísaldarminjar eru margskonar jarðgrunnsmyndir sem eru rofmerki á berggrunni og ummerki um eldvirkni undir jöklum.

Jökulruðningur



Jökulruðningur við Steinsholtsjökul, (e.d)

Grettistök



Sverrir Thorstensen, (e.d)



Sverrir Thorstensen, (e.d)

Jökulrákir



Kristný, 2012

Móberg



Sólrun Harðardóttir, (e.d)

Hvalbak

Jarðfræði - mótun landsins

- Helstu ísaldarminjar landsins eru eftirfarandi:
- Jökulruðningur og landform þess er set sem jökullinn skilur eftir sig. Setið er jafnan ólagskipt þar sem ægir saman öllum kornastærðum, allt frá fínum leir að stórum jökulrákuðum hnallungum. Jökulruðningur myndar jökulgarða og aflangar jökulöldur og jökulkembur sem vitna um tilvist, stefnu og meginþunga ísstrauma ísaldarjökulsins. (Ísaldarminjar. (án árs). Náttúrufræðistofnun Íslands.)
- Grettistök: „Stór jökulborin björg nefnast grettistök.“ (Þorleifur Einarsson: *Jarðfræði. Saga bergs og lands*. Bókaútgáfa Máls og menningar 1968.)
- *Jökulrákir*, hvalbök og grópir eru dæmi um rof á berginu sem vitna einnig til um stefnu ísflæðis og rofmátt ísaldarjökulsins. *Jökulrákaðar klappir eru eitt af aðaleinkennum svæða sem skriðjöklar hafa farið yfir... Jökulsorfnir klapparhólar hafa oft sérkennilega lögun. Á þeirri hliðinni sem vísar móti skriðstefnunni, slithliðinni, en þar mæddi jökulþunginn mest á, eru þeir fremur sléttir og aflíðandi og oft fagurlega rákaðir eða rispaðir.* (Þorleifur Einarsson. *Jarðfræði. Saga bergs og lands*. Mál og menning, Reykjavík 1968. Bls. 158-159.) .
- Móbergsmýndanir, til dæmis hryggir og stapar, myndast við gos undir jökli og eru áberandi við gosbelti landsins. Þær geta gefið upplýsingar um útbreiðslu og þykkt jökulsins við myndun þeirra. (Ísaldarminjar. (án árs). Náttúrufræðistofnun Íslands.)

Vatn

Mikið er um vatnafar í borgarfirðinum.

Vatn flokkast annaðhvort sem yfirborðsvatn eða grunnvatn. Yfirborðsvatn myndar ár og vötn og gegnir mikilvægu hlutverki í mótun lands lags. (vatnsrof í berg- og jarðgrunni). Grunnvatn er vatn sem sígur ofan í jarðlög (neðan vissra marka) og fyllir holrými bergsins. Yfirborð grunnvatns í jarðlögum nefnist grunnvatnsflötur, þar sem grunnvatnsflötur sker yfirborð má finna gil og gljúfur þar sem fram koma lindir.

Dragár

- Enginn greinileg upptök
- Finnast á þéttum blágrýtis-svæðum
- Flæða yfir bakka
- Óstöðugar
- Mikill rofmáttur
- Hitastig sveiflast með lofthita

Lindár


- Upptök í lindum
- Finnast á hrauna-, móbergs- og grágrýtissvæðum
- Jafnt vatnsrennsli
- Stöðug
- Lítill rofmáttur
- Með jafnt hitastig allt árið

Jökulár

- Renna undan jöklum
- Vatnsmagn háð lofthita (breyta rennsli og magni vatnsflæðis)
- Dægursveifla (hiti milli dags/nætur)
- Árstíðarsveifla (hiti milli sumars/vetrar)
- Langtímasveifla (veðurfarsbreytingar)
- Mikill rofmáttur
- Hitastig er 0°C við jökuljaðarinn en lengra niður með farveginum getur hitastigið orðið 15–20°C

Vatn

- Fitjá (lindá)
- Grímsá (hefur einkenni bæði dragáa og lindáa)
- Flókadalsá (hefur einkenni bæði dragáa og lindáa)
- Geirsá (lindá)
- Reykjadalsá (hefur einkenni bæði dragáa og lindáa)
- Hvítá (jökulá, lindá og dragá)
- Kaldá (lindá)





Fossar í Fitjá, (e.d)

Fitjá



Kokkshlynur Grímsá, (e.d)

Grímsá



Flókadalsá, (e.d)

Flókadalsá



Kaldá, 2012

Kaldá



Reykjadalsá, (e.d)

Reykjadalsá



Hvítá, (e.d)

Hvítá



KAFLI 3 SAGA OG MENNING

fra Hvæfelli mot feli - Sandöfelli, Suðlandsmell, 77.06.



Borg á Mýrum (Borgarkirkja)








Mannvirkin í samgöngunum, hér eru Tvívörður á leið yfir Botnsheiðina.



*Baðmenning Íslendinga í sögumenjum. Hér er
Englandshver í Lundarreykjadal*





Efstibær 1930




Saga og menjar

Laxdæla kemur fyrir Borg á Mýrum , Skorradal, Botnsheiði og Húsafell

Harðar saga og Hólmverja (Landsnámsbók)- þyrill Hvalfjörður, Síldarmannaleið, Vatnhorn og Skorradalur

Skorri landnámsmaður bjó á Vatnhorni og mögulega dysjaður á Skorrahólum ca. 5km bæjarstæði



KAFLI 4

MENNING Á SVÆÐI

Síldamannagötur

Síldamannagötur eru 17km löng leið frá Botnsdal í Hvalfirði yfir í Fitjar í Skorradal og er bæði gönguleið og reiðleið. Það tekur um 5-6 klst. að labba Síldamannagötur og fer hún 489 metrum yfir sjáfarmáli (Skorradalshreppur, á.á.a).

Það er sagt að heitið á þessari gönguleið „Síldarmannagötur“ sé komið frá því þegar Borgfirðingar og aðrir íbúar sem fóru yfir heiðina í Hvalfirði til að veiða síld og nytja hana (Skorradalshreppur, á.á.a).

Heitið „Hvalfjörður“ er líka teingt síld á þann hátt að heitið kom frá tengingu við hvali og sérstaklega hvalagöngur, því að hvalir éta síld og eiga það til við að elta síldartorfur uppi (Skorradalshreppur, á.á.a).

Horft yfir
hvalfjörðinn



Mynd: (Skorradalshreppur, á.á.)



Skorradalur



Mynd: (Skorradalshreppur, á.á.)

Fitjar

Fitjar í Skorradal eru norðan við Fitjá en sunnan við ána á Botnsheiði er land sem tilheyrir einnig jörðinni Fitjar (Skorradalshreppur, á.á.b). Fitjar eru gömul kirkjujörð og er kirkjan þar byggð árið 1897, bændur áttu þar skógarítak og engjalönd auk mýrar í Vatnshornshlíð sem hefur líklega verið byggst upp snemma eftir landnám eins og Fitjar. Skógarbúskapur hófst þar árið 1988 eftir að búseta með hefbundnum búskap lauk árið 1981 og er þar ennþá búseta þar (Skorradalshreppur, á.á.c).

Íbúðarhús sem er staðsett í Fitjum var byggt árið 1939 og var það teiknað af Þóri Baldvinssyni þáverandi forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins. Íbúðarhúsið er ferningslaga með horngluggum og var það með valmapaki en það hefur verið breytt síðan það var byggt og á þeim tíma var það í anda funksjónalisma (Skorradalshreppur, á.á.c).



lðunnarstaðir

lðunnastaðir er staðsett í Lundareykjadal og er þar Hótel Basalt sem var byggt árið 2019 og á að vera 26 herbergi og 50 manna veislusal og er það hótél fjölskyldurekið af Þórarinn Svavarsson og Hjördís Geirdal, bændur á Tungufelli í Lundarreykjadal (Skessuhorn, 2021).




Mynd:



Mynd:



Mynd:



Mynd:

Reykholt



Reykholt í Borgarfirði er lítið þorp sem var byggt í kringum jarðhita á fyrri hluta 20.aldar (Upplifðu suðurland, á.á.).

Reykholt er ein af sögufrægasta stað landsins þar sem Snorri Sturluson var búsettur frá árinu 1206 (Snorrastofa, á.á.).

Snorralaug er staðsetti í Reykholti og er forn og friðlýst laug. Vatnið í laugini kemur úr lokuðum stökk úr hvernum Skriflu. (Vesturland.is, á.á.)

Á staðnum er Snorrastofa sem er með sýningar, leyðsögn og fyrirlestra. Þar af er hótelið Fosshótel á staðnum (Vesturland.is, á.á.).

Snorralaug



Snorrastofa




Fosshótel



Húsafell

Húsafell er bær í Hálasveit í Borgarfjarðarsýslu og er efsti bærinn, þar af er hann fjærst sjónum allra bæja sýslunnar (Prestafélagsritð, 1931.).

Giljaböðin á Húsafelli eru eka íslensk náttúruböð sem er talin ver falin perla í Borgarfirðinum og voru það heimafólk á Húsafelli sem tóku það að sér að gera giljaböðin að því sem þau eru í dag. Böðin eru og allt í kring var hannað svo að það falli vel að náttúrunni og eru böðin byggð úr náttúrusteinum frá staðnum og eru þau byggð í anda Snorralaugar. Giljaböðin eru tvær laugar og er mismunandi hiti í þeim milli 30–41°C (Húsafell, á.á.).



Giljaböðin



Sundlaugin á Húsafelli



Hótel Húsafell



KALFI 5

LANDNOTKUN OG BÚSETA

Byggð

Fyrri hluti leiðarinnar er að mestu ómótaður og óbyggður, þar sem að gengið er í náttúrulegu umhverfi. (Borgarbyggð, 2019).

Aðal byggðarkjarnarnir á leiðinni eru Reykholt og Kleppjárnareykir. Aðrar byggðir á svæðinu eru sumarbústaðbyggðir, í Húsafelli (Ása Sigurlaug Harðardóttir o.f.l., 2011) og einnig í Skorradalshrepp. Í Skorradalshrepp búa 58 íbúar (Þjóðskrá, 2022), á Kleppjárnareykjum búa 38 íbúar og á Reykholti 64 íbúar. (Hagstofa Íslands, 2021).

Dulín búseta er mikil á svæðinu, s.s. fólk sem dvelur á svæðinu í lengri tíma án þess að skrá sig á svæðinu. Þá er aðallega átt við fólk sem á sumarhús, háskólanema, hótél gesti og fleiri. (Ása Sigurlaug Harðardóttir o.f.l., 2011).

Atvinna á svæðinu er takmörkuð en þær atvinnugreinar sem eru ráðandi eru landbúnaður, skógrækt og ferðapjónusta og er áætlað að sú atvinnugrein muni fara vaxandi með tímanum. (Guðrún Jónsdóttir, 2010). Áætlað er að aukning á athafnasvæðum muni bjóða upp á aukningu í atvinnustarfsemi á svæðinu. Aðal atvinna á Kleppjárnareykjum er grænmetisræktun. (Ása Sigurlaug Harðardóttir, 2011).



Kirkjur

Nokkrar kirkjur á leiðinni.

Fitjakirkja er á Fitjum sem er ein þeirra jarða sem byggjast fyrst upp í framdalnum í Skorradal. Kirkjan á Fitjum er bændakirkja í Borgarfjarðarprófastsdæmi og var byggð 1896-97. Turnlaus kirkja í bábreyttum stíl með langbekkjum, meðal seinustu kirkjunum í slíkum stíl. (Fitjakirkja, e.d.).

Lundarkirkja var vígð árið 1963. Kirkjan er með háum turni fyrir ofan forkirkjuna og er úr steinsteypu. Þorvaldur Brynjólfsson var yfirsmiður og skreytti Gréta Björnsson kirkjuna að innan. (Lundarkirkja, e.d.).

Tvær kirkjur standa í Reykholti. Gamla kirkjan var reist 1885-1887 og var sóknarkirkja til 1996. Nú tilheyrir hún húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Nýja kirkjan var víð árið 1996, teiknuð af Garðari Halldórssyni. Í kirkjunni eru gamlar kirkjuklukkur, steindir gluggar og skírnarfontur úr klébergi. (Reykholtskirkja, e.d.).

Stóra Áskirkja staðsett í Hálsasveit við á sinn. Kirkjan er timburhús með tvískiptum turni, byggð 1897-1898. (Vesturland Stóra Áskirkja, e.d.).

Húsafellskirkja var vígð 1973. Ásgrímur Jónsson teiknaði kirkjuna, Halldór H. Jónsson var arkitekt og Kristinn Kristjánsson var yfirsmiður. Timburkirkja, aðallega notuð á sumrin. Kirkjan er mikið notuð af ferðamönnum og sækja þeir guðþjónustur þegar Reykholtsprestur messar. (Húsafellskirkja, e.d.).



(Vesturland Stóra Áskirkja, e.d.)



(Stefán Erlingsson, 2007)



(Fitjakirkja, e.d.)






(Baldvin Ingi Símonarson, 2019)



(Iglesia de Islandia, 2005)

Þjónusta

Mesta þjónustan á leiðinni er í Reykholtssdal, bæði á Kleppjársreykjum og í Reykholti einnig á Húsafelli (*Borgarbyggð*, 2019). Á Kleppjársreykjum er að finna grunn- og leikskóla ásamt sundlaug, þar er einnig að finna veitingastaðinn Hverinn og gróðurhús, sem byggja á miklum jarðhita á svæðinu (Kleppjársreykir í Borgarfirði, e.d.). Við Deildartunguhver er að finna náttúrulegarnar Krauma sem innihalda tært vatn sem rennur beint úr hvernum og eru þær afar vinsæll ferðamannastaður (*Upplifðu kjarna íslenskrar náttúru*, e.d.). Helsta þjónustan á Reykholti er Snorrastofa sem felur í sér fræðslu um staðinn og sýningu um Snorra Sturluson (*Gestastofa*, e.d.) einnig er það Fosshótel Reykholti, stórt hótél þar sem er að finna veitingastað. Í Húsafelli er einnig mikið af þjónustu í boði. Þar má helst nefna Hótel Húsafell og sundlaugina á Húsafelli (*Borgarbyggð*, 2019). Einnig er falleg gönguleið í gegnum Hringsgil þar sem að náttúruböðin Giljaböð eru staðsett (*Húsafell Giljaböð*, e.d.). Tveir golfvöllir eru á svæðinu, Reykholtssdalsvöllur og Húsafellsvöllur (*Borgarbyggð*, 2019).



Þjónusta



(Basalt hotel, e.d.)



(Krauma, e.d.)



(Húsafell Giljaböð, e.d.)



(Hótel Húsafell, e.d.)



(Vignir Andri Guðmundsson, 2017)



(Vignir Andri Guðmundsson, 2017)


Sund
Náttúruböð

Söfn
Kirkjur

Skólar

Hótel
Tjaldsvæði


Golf



Landbúnaður

Samkvæmt Lögbylisskrá 2019 eru 415 lögbýli í Borgarbyggð og þar af 85 eyðibýli. (Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar, 2020). Samkvæmt Hagþjónustu landbúnaðarins 2007 er stunduð sauðfjárrækt á 183 jörðum, nautgriparrækt á 77 jörðum, 72 aðilar stunda mjólkurframleiðslu, alifuglarækt er stunduð á 21 jörð og eru tæplega 300 aðilar með hross í sveitarfélaginu. Hjá Sambandi garðyrkjubænda og Bændasamtökum Íslands eru skráðir 10 garðyrkjubændur, þar af er einn aðili með vottun vegna lífrænnar ræktunar á plöntum. (Ása Sigurlaug Harðardóttir, o.f.l., 2011).


Mikið svæði hefur nú verið fært í flokkinn gott ræktanlegt land og er það gert til að tryggja fæðuöryggi. 49 aðilar í sveitarfélaginu eru með samning við Vesturlandsskóga um skógræktaráætlanir. (Ása Sigurlaug Harðardóttir, o.f.l., 2011).



Náttúruauðlindir og nýting þeirra

Hitaveitur eru víða á svæðinu þar sem að mikill jarðhiti er í Reykholtssdal, sem kemur aðallega úr Deildartunguhver. (Deildartunguhver í Borgarfirði, e.d.).

Stefnt er að því að fækka efnistökusvæðum úr 95 í 50 og á að ganga frá þeim svæðum þar sem efnistöku er lokið. Framkvæmdaleyfi þarf að sækja um hjá sveitarfélagi fyrir allri efnistöku. (Ása Sigurlaug Harðardóttir o.f.l., 2011).




Samgöngur

Góðar samgöngur eru um svæðið, aðallega að þjónustu og þeim bæjarkjörnum eru til staðar. Mestmegnið af götum svæðisins eru malarvegir en malbikaður vegur liggur út allan Hvalfjörðinn, meðfram svæðinu vestan megin, inn Lundareykjadal að Brautartunguhver og svo meðfram Reykholti og Húsafelli alveg meðfram Tungu. (Námur, e.d.). Góðar reiðleiðir eru um svæðið sem fara víða. Flugvöll má finna á Húsafelli. (*Borgarbyggð*, 2019)


Ekki er mikið um afmarkaðar gönguleiðir þar sem að samgöngur eru oft erfiðar í dreifbýli, eins og td í Skorradal eru ekki afmarkaðar gönguleiðir meðfram götum. (Svanhildur Margrét Ólafsdóttir, 2004). En reiðleiðirnar eru flestar ætlaðar sem reið- og gönguleiðir. Í Húsafelli er aftur á móti mikið um gönguleiðar á svæðinu. (Gönguleiðir, e.d.)



(Gönguleiðir, e.d.)



Friðlönd



KALFI 6

GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Frá botni Hvalfjarðar og yfir Botnsheiði


Gangan byrjar á því að farið sé í gegnum **náttúrulegan birkiskóg**. Þaðan er haldið upp og yfir Botnsheiði. Heiðin er vel gróðin, en landgerðir þar myndu almennt teljast til **moslendis, mólendis, deiglendis** og **votlendis**. Á suðurhluta heiðarinnar eru **hraungambravist, melgambravist, starmóavist, fjalldrapavist** og **lyngmóavist** mest áberandi. Þegar komið er á norðurhluta heiðarinnar tekur landið að blotna og hlutdeild **votlendis** eykst. Þar eru **starungsmýravist** og **runnamýravist** mest áberandi (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.).



Mynd: (Landgræðslan, á. á.)




Mynd: (Hafdís Sturlaugsdóttir, 2021)



Skorrdalur


Þar sem gengið er niður í Skorradal er komið inn á skógræktarsvæði. Í skógræktarsvæði þessu eru **ilmbjörk, stafafura, sitkagreni, alaskaösp** og **lerki** mest áberandi trjátegundirnar og skiptast þær á að vera ríkjandi tegundir í skóginum eftir því hvar í skóginum maður er staddur. Þá er alaskalúpína áberandi í landslaginu (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.a). Þar við austurenda Skorradalsvatn er **friðlandið við Fitjaá**. Þar er lítið raskað og samfelld votlendissvæði þar sem að skiptast á mýrar og flóar (Umhverfisstofnun, á. á.).



Fitjaá
Mynd: (Markaðsstofa Vesturlands, (á. á.))



Lúpínubreiða
Mynd: (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.b)



Friðlandið við Fitjaá

Ríkjandi vistkerfi í Friðlandinu við Fitjaá eru **starungsmýravist, tjarnastararflóavist, língresis- og vingulsvist** ásamt fleiri vistum (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.á). Í friðlandinu má sjá fjöldan allan af votlendisblómum (Umhverfisstofnun, á. á.á).



Engjarós *Potentilla palustris*
Mynd: (Plöntuvefurinn, e. d.á)



Mýrfjóla *Viola palustris*
Mynd: (David Tilsley [dntilsley], 2021)



Horblaðka *Menyanthes trifoliata*
Mynd: (Hörður Kristinnsson, 2007)



Hófsóley *Caltha palustris*
Mynd: (Plöntuvefurinn, e. d.á)



Mynd: (Umhverfisstofnun, á. á.á)

Algengar trjátegundir í skógrækt

Stafafura

- Verður oftast 6-30 metra að hæð
- Keilulaga eða breið króna. Toppurinn verður oft hvelfdur þegar að tréð eldist
- Börkur trésins er grár eða grábrúnn og flögóttur á eldri einstaklingum
- Ljóselsk tegund





Ilmbjörk

- Breytileg í vexti
- Allt að 15 m há á Íslandi
- Ilmar vel
- Mjög ljóselsk
- Eina náttúrulega trjátegundin sem myndar samfelld skóglendi á Íslandi



Lerki

- Fellir barrið
- Nokkuð stórvaxin. Hæsta tréð á Íslandi 21 m.
- Ljóselsk
- Haustlitir



Alaskaösp

- Mjög stórvaxin. Verður a.m.k. 30 m há á Íslandi
- Beinvaxin
- Haustlitir
- Asparlykt

Sitkagreni

- Mjög stórvaxin. Mun ná a.m.k. 40 m hæð á Íslandi
- Skuggþolin
- Nær mjög háum aldri, allt að 700 ár.




Skorradalsheiði

Gengið er upp með fram Stekkjagili og yfir Skorradalsheiði. Á heiðinni eru **móglendi** ríkjandi, en hlutdeild **votlendis** er þó umtalsverð. Á Skorradalsheiði eru **grasmóavist**, **lyngmóavist**, **starmóavist**, **starungsmýravist** og **brokflóavist** áberandi (Náttúrufræðistofnun, á. á. a). Komið er niður í Lundareykjadal við Ingunnarstaði.



Starmóavist

Mynd: (Náttúrufræðistofnun, á. á. c)



Lundareykjadalur

Í Lundareykjadal er **landbúnaðarlandslag** áberandi, en þar má sjá mikið af túnum með skepnum á beit (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.á). Frá Ingunnarstöðum heldur leiðin áfram í gegnum **skógræktarsvæði** við bæinn Tungufell. Þar er **fura mest áberandi**. Þaðan er gengið í átt að Grímsá þar sem farið er yfir ána á göngubrú sem liggur við Jötnabrúarfoss og kleppagilsfoss. Þaðan liggur leiðin meðfram Kleppagil og upp á heiðina Lymsku.




Arnbórsholt í Lundareykjadal
Mynd: (Bændablaðið, 2021)

Heiðin Lymska

Gengið er yfir Grímsá á göngubrú sem að liggur við Jötnabráarfoss og kleppagilsfoss. Þaðan liggur leiðin meðfram Kleppagili og upp á heiðina Lymsku. Leiðin upp á heiðina er vel gróin en þar eru **mólendi** og **votlendi** ríkjandi. Þegar að komið er upp á heiðina vex hlutdeil mela í landslaginu, en þar verður **eyðimelavist** áberandi (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.á). Leiðin liggur að ánni Engjadalsá. Gengið er meðfram Engjadalsá niður að Flókadalsá. Þar er farið yfir ána á göngubrú sem liggur nærri bænum Hrísar.




Eyðimelavist
Mynd: (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.á)



Flókadalur og Reykjadalur

Í Flókadal verður landbúnaðarlandslag aftur áberandi í landslaginu. Dalurinn ber það þó með sér að vera hrjóstugri en Lundareykjadalur og Skorradalur. Þar má þó sjá unga skógræktarreiti sem gengið er í gegnum. Frá Flókadal er gengið yfir Brennistaðarháls til þess að komast niður í Reykjadal. Á fyrrihluta Brennistaðarháls er graslendi ríkjandi, en þar eru **grasmóavist** og **stinnastaravist** ráðandi. Upp á hálsinum og í norðurhlíðum fjallsins er landið töluvert blautara. Þar eru votlendi og mólendi ráðandi landgerðir í bland við moslendi. Komið er niður í Reykjadal við bæinn Kópareyki. Í Reykjadal breytist ámynd landsins þó nokkuð. Landbúnaðarland með túnum þekur mest allt láglandi í dalnum. Í dalnum má einnig víða sjá gufustróka frá hverum og skógræktarreiti í fjallshlíðum. Við heitavatnshverfi má finna ýmsar plöntutegundir sem sumar hverjar eru mjög fágætar (Náttúrufraeðistofnun Íslands, á.á.á).



Tunguskollakambur

Tunguskollakambur er sérstakt afbrigði af skollakambi sem að eingöngu hefur fundist á Íslandi. Þetta fágæta afbrigði skollakambs hefur aðeins fundist á tveimur jarðhitasvæðum á landinu. Við leit árið 2016 á báðum þekktu fundastöðum tunguskollakambs þá fannst afbrigðin einungis á öðrum staðnum (Starri Heiðmarsson, 2018). Sá staður var Deildartunguhver í Reykjadal. Vegna verndunar tunguskollakambs var ákveðið að ekki steypa yfir hverninn þegar að hann var virkjaður til hitaveitunar á sínum tíma (Krauma, á. á.).



Tunguskollakambur *Struthiopteris spicant* var. *Fallax*
Mynd: (Starri Heiðmarsson, 2018)

Frá Reykholti til Húsafells

Frá Reykholti er gengið í gegnum Reykholtsskóg. Sá skógur er stálpaður blandskógur sem hinum ýmsu trjategundum. Þaðan er gengið upp á fjallið Háls. Á Hálsi skiptast á gróðursnauðir melar og dældir þar sem ýmist er votlendi eða mólendi. Komið er niður af Hálsi norðan við bæinn Kollslæk. Þaðan er gengið upp að Hvítá. Við ána má víða sjá lúpínubreiður. Farið er yfir ána á göngubré nærri bænum Krikjubók 1 þar sem Hótel Á er að finna. Í kring um Kirkjuból er mikil skógrækt þar sem að stafafura er mest áberandi. Frá Kirkjubóli er gengið inn dalinn til austurs. Fyrst er gengið yfir grasland uns komið er inn í náttúrulegan, lágvaxinn birkiskóg og er það ríkjandi gróðurlendi mest alla leiðina inn að Húsafelli. Landslagið er þó engan veginn einsleitt á þá leið, en á leiðinni fá vegfarendur einnig að ganga um birkivaxna hraunbreiðu, votlendi og graslandi ásamt fleiri gróðurlendum (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.á.).




Birkivaxin hraunbreiða við Hraunfossa
Mynd: (European waterfalls, á.á.)

Skýringar

- Melar ríkjandi
- Moslendi ríkjandi
- Mólandi ríkjandi
- Votlendi ríkjandi
- Ár og stöðuvötn
- Graslendi ríkjandi
- Ræktuð tún og akurlendi
- Ræktað skóglendi ríkjandi
- Náttúrulegur birkiskógur
- Birkivaxin hraunbreiða
- Lyngvaxin hraunbreiða
- Lúpína ríkjandi
- Gisting
- Gönguleiðin

GRÓÐURLENDI VIÐ GÖNGULEIÐ Á MILLI REYKHOLTS OG HÚSAFELLS



Fuglar í skóglendi

Fuglar mynda mikilvægan hluta af öllum skógarvistkerfum. Hér að neðan má sjá dæmi um nokkrar af þeim tegundum sem að finna má í Íslenskum skógum.



Auðnutittlingur *Carduelis flammea*
Mynd: (Örn Óskarsson, 2011)



Svartþröstur *Turdus merula*
Mynd: (Fuglavefurinn, á. á.a)



Skógarsnípa *Scolopax rusticola*
Mynd: (Ebird, á.á.)



Skógarþröstur *Turdus iliacus*
Mynd: (Fuglavefurinn, á. á.b)



Glókollur *Regulus regulus*
Mynd: (Fuglavefurinn, á. á.c)



Krossnefur *Loxia curvirostra*
Mynd: (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2018)

Mófuglar

Mófugl er safnheiti yfir fugla sem velja sér opið mólendi og mýrlendi til varps. Flestir mófuglar eru vaðfuglar (Fuglavernd, á. á.). Hér að neðan má sjá nokkra af þeim mófuglategundum sem að nær öruggt er að sjá á göngunni.



Heiðlóa *Pluvialis apricaria*
Mynd: (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2018b)



Hrossagaukur *Gallinago gallinago*
Mynd: (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2018c)



Rjúpa *Lagopus muta*
Mynd: (Skógræktin, 2010)



Stelkur *Tringa totanus*
Mynd: (Kristinn Haukur Skarphéðinsson, 2018d)



(Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.g.)



(Rannveig Magnúsdóttir, 2011)



(Slow Food Reykjavík, á. á.)

Spendýr

Heimskautarefur - *Vulpes lagopus*

Tófan er eina innlenda landspendýrið. Ískenski refastofninn sérstakur vegna einangruna frá öðrum stofnum. Tófan er oftast hvít eða mórauð á litinn, en til eru dýr sem eru bleik eða ljósmórauð en slíkt er sjaldgæft. Möguleiki er á því að sjá tófu hvar sem er á göngunni (Náttúrufræðistofnun Íslands, á. á.g).

Minkur - *Neovison vison*

Minkurinn er rándýr af marðarætt. Hann er upprunin frá N-Ameríku og var fluttur til Íslands til loðdýraræktunar árið 1931. Dýr sluppu fljótt úr haldi og náði tegundin að dreifa sér um allt land. Minkurinn heldur sig fyrst og fremst við sjávarsíðuna eða við ár, læki og vötn (Rannveig Magnúsdóttir, 2011).

Sauðfé - *Ovis aries*


Íslenska kindin er af stuttrófukyni af skandinavískum uppruna. Tegundin var flutt til Íslands með landnámsmönnum. Íslenska sauðkindin hefur stutta fætur miðað við önnu sauðkyn og er laus við ull á fótum og andliti. Á göngunni að sumri til er mögulegt að sjá sauðfé á beit upp á heiðum (Morgunblaðið, 2007).

KAFLI 7

FAGURFRÆÐI, EINKENNI OG KARAKTER

Fagurfræði

- Hver og einn hefur sýna skoðun á því hvað þykir fallegt. Það sem einkennir gönguleiðina okkar er upplifun ferðalangans á Íslenskri náttúru og margvísilegri sérstöðu hennar.
- Mikill fjölbreytileiki í landslagi
 - Vatnafar, tún og móar, jöklar, fossar, útsýni, skógar, vistfræði
- Mikið um minjar
 - Rústir, vörður og sögulegir staðir
- Upplifun staðarins



Framtíðarsýn

Áhersla lögð á vöxt þéttbýlisstaðanna, með tilliti til umhverfis- og náttúruverndar og viðhaldi á verðmætum sem eru til staðar fyrir. Efla atvinnulíf, með bættum samgöngum og fjarskiptakerfi. Efla menntun og menningar- og félgaslíf. Áhersla lögð á bættar samgöngur með greiðfærum heilsársvegum. (Ása Sigurlaug Harðardóttir, 2011).

Að skapa betra samfélag, þar sem að efnahags- og félgaslegar þarfir íbúa séu uppfylltar eins og hægt er, ásamt því að náttúran og menningarsagan verði vernduð, þannig að ekki sé dregið úr möguleikum komandi kynslóða. (Guðrún Jónsdóttir, 2010).



Einkenni svæðisins

BIRKISKÓGAR



HRAUN
ÚTSÝNI
BUGÐÓTTAR ÁR
FJÖLL
DALIR




SAGA
JARÐHITI

Kennileiti

Eitthvað sem þú getur stefnt
að eða fylgt

- Tvívörður
- Bláskeggsá
- Skarðsheiði
- Skorradalsvatn
- Barna og Hraunfossar
- Ok jökull
- Byggðarkjarnar
- Ýmsar minjar



Karektersvæði

- Við skiptum svæðinu í 7 karaktersvæði og er það landslagið í kring sem afmarkar þau af.
- Heiðar mynda rými í dölunum, árnar mynda náttúrulegar bugðóttar línur og vötnin mynda fleti
- Heiðar mynda opin rými.
- Staðarandi ákvarðast af upplifun hvers og eins. Byggir sú upplifun á skynjun viðkomandi, vitneskju um svæðið ásamt fyrri reynslu og upplifanir. Þannig getur staðarandi staðar verið mismunandi í hugum mismismunandi einstaklinga. Sameiginleg reynsla fólks af sama svæði og saga svæðisins/staðarins spilar stórt hlutverk í mótun staðaranda. (Helena Guttormsdóttir, lektor við LBHÍ, persónuleg heimild, 18.01.2022).



Fletir

Náttúrulegar
línur

Rými

Staðarandi

Karektersvæði

Síldarmannagötur

Fremur flatt landslag þar sem að mólendið myndar einsleitni en einnig mikla áferð. Vörður og sögumenjar. Viðsýni í góðu skyggni.

Skorradalur

Skorradalsvatn setur sterkan svip á dalinn. Fremur þraungur ríkur af skógum. Sögumenjar og landnámssagan móta hluta af staðarandanum.

Lundarreykjadalur

Kirkjusaga og sagnfræði, laugamenning. Landbúnaðarlandslag. Beitarlandslag.

Flókadalur

Vatnafar ríkjandi. Opið svæði, vindasamt og kalt, kemur kalt loft frá Langjökli.

Reykholtsdalur


Jarðhiti, einstök náttúrufegurð og sögumenjar. Landbúnaðarlandslag. Skógrækt.

Hvítársíða

Hvítá mótar landslagið. Hún er stór og mikil oghlykkjast meðfram Hvítársíðunni. Landbúnaðarlandslag.

Húsafell

Jarðhiti. Hvítá og Kaldá móta landslagið á milli fjalla. Umhverfið þakið náttúrulegum birkiskógi og úfnum hraunum.




KAFLI 8

DAGSLEIÐIR

Dagur 1

Fyrsta daginn er gengið Síldarmannagötur sem að einkennast að mestu af mó- og moslendi. Fallegt útsýni og vörður eru einnig áberandi. Síðan er gengið í Skorradalinn og lðunnarstaðadal og komið að lðunnarstöðum þar sem að gist er á Basalt hótél.



Útsýni
Víðátta
Saga
Minjar

Mólendi
Moslendi

Síldarmannagötur
Fitjakirkja
Krosslaug
Basalt hótél

Dagur 2

Gengið er í skóginn á Tungufelli upp heiðina Lymsku meðfram Lundarhálsi. Landslagið einkennist af melum og móum en einnig votlendi. Útsýni yfir Flókadal, sem er gengið þverann þar sem að endað er á Brennistöðum og gist.



Útsýni
Víðátta

Mólendi
Votlendi
Melar

Veiði
Brennistaðir
Skógrækt
Ár

Dagur 3

Gengið er yfir Brennistaðaháls niður í Reykholtstal þar er aðallega mos- og graslendi en einnig votlendi. Þaðan er gengið yfir Reykjadalssá og komið að Reykholti þar sem að gist er á Fossholt Reykholt.



(Krauma geothermal baths entrance ticket, e.d.)



(Ed Uyeshima, 2017)



(Mats Vibe Lund, e.d. c)



(Reykholt, e.d.)

Reykholtstal

Brennistaðaháls

Reykholt
Saga
Snorrastofa
Fosshótel

Kleppjárnsreykir
Tjaldsvæði
Hverinn
Sundlaug

Ár
Veiðar

Jarðhiti
Krauma
Deildartunguhver
Snorralaug

Dagur 4

Gengið upp Háls í Hálsasveit þar sem að mismunandi landslag myndar einskonar mósaík með votlendi inn á milli. Þaðan er gengið yfir Hvítá að Hótel á þar sem að er gist.

Votlendi
Mólendi
Melar
Graslendi
Moslendi

Ár
Veiði

Útsýni
Víðátta



Dagur 5


Síðasti en alls ekki sísti dagurinn þar sem að gengið er fyrir ofan Hvítá í hrauni og gegnum birkiskóg og niður að Hraunfossum og Barnafossi. Þaðan er gengið niður að Reyðarfellsskógi síðan er farið upp Bæjargil þar sem að fjölbreytta jarðfræði er að finna og þaðan á Hótel Húsafell þar sem að gist er seinasta nóttin.

Birkiskógar
Gil
Hraun

Ár
Fossar

Útsýni
Víðátta

Húsafell
Hótel
Sund
Tjaldsvæði
Sumarhús



Heimildaskrá

Ása Sigurlaug Harðardóttir, Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, Ulla R. Pedersen og Stefán Þ. Þórisson Stephensen. (2011). *Aðalskipulag Borgarbyggðar*. Borgarbyggð. <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=23634629127848933452>

Borgarbyggð. (e.d.). Landslag.is. <https://www.map.is/borgarbyggd/>

Endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar. (2020). Borgarbyggð. https://www.borgarbyggd.is/static/files/Skipulagsmal/adalskipulag/lysing-adalskipulag-borgarbyggdar_grunnskjal-003-.pdf

Fitjakirkja. (e.d.). Fitjakirkja. <https://skorradalur.is/um-skorradal/fitjakirkja/>

Gestastofa. (e.d.). Snorrastofa. <https://www.snorrastofa.is/gestir>

Guðrún Jónsdóttir. (2010). *Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022*. Skorradalshreppur. http://skorradalur.is/Files/Skra_0046067.pdf

Gönguleiðir. (e.d.). Húsafell. <https://www.husafell.is/afthreying/gonguleidir>

Hagstofa Íslands. (2021). *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. Janúar 2001-2021*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MA1030101.px

Húsafell Giljaböð. (e.d.). Húsafell. <https://www.husafell.is/afthreying/husafell-giljabod>

Húsafellskirkja. (e.d.). Íslenski ferðavefurinn. <https://is.nat.is/husafellskirkja/>

Kleppjárnarsreykir í Borgarfirði. (e.d.). Ísland komdu með. <https://www.ferdalag.is/is/ahugaverdir-stadir/hitt-og-thetta/kleppjarnarsreykir-in-borgarfjord>

Kortasjá. (e.d.). Landssamband hestamannafélaga. <https://map.is/lh/>

Lundarkirkja. (e.d.). Íslenski ferðavefurinn. <https://is.nat.is/lundarkirkja/>

Námur. (e.d.). Vegagerðin. <http://namur.vegagerdin.is>

Reykholtskirkja. (e.d.). Snorrastofa. <https://www.snorrastofa.is/reykholt/reykholtskirkja>

Svanhildur Margrét Ólafsdóttir, Unnur Sigurðardóttir og Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir. (2004). *Skorradalur Umhverfið mitt*. Háskólinn á Akureyri. https://skorradalur.is/Files/Skra_0035304.pdf

Upplifðu kjarna íslenskrar náttúru. (e.d.). Krauma. <https://www.krauma.is>

Vesturland Stóra Áskirkja. (e.d.). Minjastofnun Íslands. <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vesturland/nr/477>

Þjóðskrá. (2022). Skýrslur Sveitarfélaga. <https://www.skra.is/gogn/sjalfvirkar-skyrslur/skyrslur-sveit-arfelaga/>

Myndaskrá

Öll kort eru unnin af nemendum í ArcGis nema annað sé tekið fram.

Anna Margrét Björnsdóttir. (2020). *Topp 5 afbreytingarmöguleikar á Vesturlandi*. Stundin. <https://stundin.is/grein/11448/>

Baldvin Ingi Símonarson. (2019). *Kirkjur*. <https://bingis.is/myndir-kirkjur/>

Bernd Thaller. (e.d.). *Deildartunguhver*. Wonders of the world. <https://www.wondermondo.com/deildartunguhver/>

Brennistaðir. (e.d.). Ísland komdu með. <https://www.ferdalag.is/is/thjonusta/brennistadir>

Deildartunguhver. (e.d.). Wikipedia. <https://is.wikipedia.org/wiki/Deildartunguhver>

Edda Arinbjarnardóttir. (e.d.). *Saga Geopark*. https://www.west.is/static/files/sagageo/saga_geopark_annex3_application_dossier_revised_250116.pdf

Fitjakirkja. (e.d.). Fitjakirkja. <https://skorradalur.is/um-skorradal/fitjakirkja/>

Hraunfossar. (e.d.). European waterfalls. <https://www.europeanwaterfalls.com/waterfalls/hraunfossar/>

Húsafellsskógur. (e.d.). Umhverfisstofnun. <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/husafellsskogur-borgarbyggd/>

Iglesias de Islandia. (2005). *Iglesia Reykholtskirkja (Reykholt)*. <https://www.flickr.com/photos/iglesiasdeislandia/4182527275>

Krauma geothermal baths entrance ticket. (e.d.). Get you guide. <https://www.getyourguide.com/reykholt-l95046/krauma-geothermal-baths-entrance-ticket-t398415/>

Krosslaug. (e.d.). My visit Iceland. <https://www.myvisiticeland.is/west-iceland/activities/krosslaug/>

Mats Vibe Lund. (e.d. a). *Fitjar*. Icelandic image library. <https://mats.photoshelter.com/image/looooooNLEGHQuFIY>

Mats Vibe Lund. (e.d. b). *Flókadalsá séð til austurs*. Icelandic image library. https://mats.photoshelter.com/image/looooOrgR9_DE9CQ

Mats Vibe Lund. (e.d. c). *Kópareykir séð til austurs*. Icelandic image library. <https://mats.photoshelter.com/image/loooois7K5t1Xyt4>

Mats Vibe Lund. (e.d. d). *Nes*. Icelandic image library. <https://mats.photoshelter.com/image/looooUQk2zc6cDSg>

Myndir. (e.d.). Hótel Á. <https://hotela.is/is/myndir/nggallery/page/1/>

Reykholt. (e.d.). Samtök um söguferðapjónustu. <http://www.sagatrail.is/is/museums/reykholt/>

Sandrine. (2016). *Hraunfossar and Barnafoss waterfalls*. Smarttrippers. <https://www.smarttrippers.com/en/article/hraunfossar-and-barnafoss-waterfalls>

Síldarmannagötur. (e.d. a). Gönguleiðir.is. <https://gonguleidir.is/listing/sildarmannagotur/>

Síldarmannagötur. (e.d. b). Tindar travel. <https://tindartravel.is/island/sildarmannagotur/>

Stefán Erlingsson. (2007). *Getraun #41 – Lundarkirkja*. <https://kirkja.blog.is/blog/kirkja/entry/477687/>

Thomas H. Mitchell. (e.d.). *An Icelandic ritual for wellbeing*. BBC. <https://www.bbc.com/travel/article/20200817-an-icelandic-ritual-for-wellbeing>

Vatnshornsskógur, Skorradal. (e.d.). Umhverfisstofnun. <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/vatnshornsskogur-skorradal/>

Vesturland Stóra Áskirkja. (e.d.). Minjastofnun Íslands. <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vesturland/nr/477>